

**53. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
þriðjudaginn 27. júlí 2010 og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG),

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir , oddviti

Dagskrá:

- 1. 1007076 - Umsóknir um auglýstar stöður við Tálknafjarðarskóla skólaárið 2010-2011.**
Skólastjóri (TPS) gerði grein fyrir umsóknum um auglýstar stöður við Tálknafjarðarskóla. Á 52.fundi skólanefndar þann 19.maí 2010 voru lagðar fyrir níu umsóknir, við yfirferð á þeim umsóknum, mælir skólanefnd með að tillögu skólastjóra (TPS) að Margrét Inga Karlsdóttir og Helga Birna Berthelsen verði ráðnar í 100% stöður. Auglýst var 3.júlí s.l. eftir deildarstjóra á leikskóladeild, tveim kennurum við tónlistar- og grunnskóladeild. Átta umsóknir bárust um þessar þrjár stöður og mælir skólanefnd með, að tillögu skólastjóra (TPS), að við grunnskóladeild verði Kristín Brynja Gunnarsdóttir ráðin í 50% stöðu og Helga Lára Haraldsdóttir ráðin í 100% stöðu. Þá mælir skólanefnd með því skv. tillögu skólastjóra (TPS) að Sigríður Valdís Karlsdóttir verði ráðin sem aðstoðarleikskólastjóri 1 vegna leikskóla/2. Hvað varðar tónlistarskóladeild þá verður ekki ráðið inn að svo stöddu, en ákvörðun endurskoðuð um áramót. Skólastjóra (TPS)mun tilkynna umsækjendum niðurstöðu ráðninga. Samþykkt samhljóða.
- 2. 1007027 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Úthlutun Námsgagnasjóðs, bréf dags. 25.júní.2010.**
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1006033 - Félag leikskólakennara, ráðning í stöður kennara í leikskólum án auglýsingar.**
Lagt fram til kynningar.
- 4. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra.**
Skólastjóri (TPS) lagði fram tillögu að kennslufyrirkomulagi skólaársins 2010-2011, ljóst er að þörf verður fyrir stundakennslu við grunnskóladeild, endanlegt kennslufyrirkomulag verður lagt fyrir næsta fund skólanefndar og jafnframt tillaga að ráðningu í stöður stundakennara.
Skólastjóri (TSP), kynnti skipan námshópa og áherslu á einstaklingsmiðað nám.
Skólastjóri (TPS) fór yfir skipan leikskóladeildar á síðasta skólaári og því sem framundan er.
Skólastjóri (TPS) lagði fram drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2010-2011.
- 5. 1001015 - Önnur mál - engin**

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____